

Matfugl ehf  
Völuteigi 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 7. desember 2018  
UST201810-159/F.T.  
08.12.02

## Efni: Lok eftirfylgni – Matfugl Ytra-Holti

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 13. ágúst sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er skráð voru í eftirliti þann 28. júní 2018.


### Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. 6. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Í 6. gr laga 7/1998 er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skuli hafa gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd. Matfugl fellur undir viðauka I og á því að hafa gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun en rekstraraðili hefur hvorki gilt starfsleyfi frá stofnuninni né eldra leyfi frá heilbrigðisnefnd þar sem Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hafði áður farið fram á að ótímabundið leyfi skildi endurnýjað. *Rekstraraðili hugðist sækja um starfsleyfi í september 2018. Í 1. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, kemur fram að Umhverfisstofnun veiti leyfi fyrir rekstri þaueldisbúa sem eru með fleiri en 40.000 pláss fyrir alifugla. Skv. 5. viðauka reglugerðarinnar veita heilbrigðisnefndir starfsleyfi vegna reksturs með færri en 40.000 fugla. Rekstraraðili ætlar sér einungis að vera með um 30.000 fugla. Þann 2. nóvember sl. barst stofnuninni staðfesting á því að rekstraraðili hafi sótt um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra fyrir kjúklingabú (allt að 39.000 stæði) og telst frávikinu því lokið.*
- 2. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.** Skv. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs ber rekstraraðila að tryggja að allur úrgangur sé færður til viðeigandi meðhöndlunar. Í eftirlitsskýrslu er bent á að skv. reglugerð um aukaafurðir úr dýrum skuli flokka aukafurðir úr dýrum í tiltekna flokka. Þegar eftirlitið fór fram kom í ljós að dýrahæ voru sett í gám með almennum úrgangi. *Rekstraraðili hugðist koma sér upp sérstökum gámi fyrir dýrahæ og aðskilja þannig dýrahæin frá almenna úrgangnum. Rekstraraðili staðfesti að sérstakur gámur fyrir dýrahæ hefði verið tekin í notkun í starfsemi. Við útgáfu eftirlitsskýrslu var ofangreint atriði skráð sem frávik en litið var svo á að um ábendingu væri að ræða. Leiðréttist þetta hér með.*

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið.

Vakin er athygli rekstraraðila á því að bréf þetta verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 52.800 kr.**

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra